

## 1.4 ÍSLANDSSKIPULAG

*1.4.1 Greining á hvernig mynstur byggðarinnar hefur þróast*

*1.4.2 Greining náttúrufarsforsendna á glærukortum*

*1.4.3 Stofnbrautakerfi fyrir Ísland*

*1.4.4 Miðlægnilögmálið: H-borg verði á miðju landsins*

*1.4.5 Ný höfuðborg á miðju landsins; þjónar öllum landshlutum jafnt*

*1.4.6 Tillaga um Íslandsskipulag*

## 1.4 ÍSLANDSSKIPULAG (9 síður)

*Framlag TV til Íslandsskipulags er aðallega að finna í fimm bóka hans:*

**„Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands“ 1987. Öll bókin.**

Skipulagshugmyndin er byggð á kortlagningu náttúrufarsþátta. Hugmyndir: Stórir fólkvangar, þróunarsvæði, hálendisvegir, borg á miðju landsins. Pdf-bók:

[https://notendur.hi.is/.../Hugmynd\\_ad\\_fyrsta...](https://notendur.hi.is/.../Hugmynd_ad_fyrsta...) Hljóðbók í lestri TV:

<https://notendur.hi.is/.../Audiobooks/Heildarskipulag.mp3>

**„Skipulag byggðar á Íslandi“ 2002, bls. 345-360.**

Áhrif náttúru og staðhátta á mótun byggðar. Skipulags saga bæja og svæða.

Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/.../Books/Skipulag%20byggdar.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Péturs Eggerz.

**„Ísland hið nýja“ 1997, bls. 55-126.**

Meðhöf. Birgir Jónsson. Staða Íslands í heimi framtíðar. Landskipulag ráði megin línunum.

Vöntun þessa við gerð Svæðisskipulags miðhálendisins gagnrýnd. Pdf-bók:

[https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Island\\_hid\\_nyja.pdf](https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Island_hid_nyja.pdf) Hljóðbók í lestri TV:

<https://notendur.hi.is/tv/Content/Audiobooks/IslandHidNyja.mp3>

**„Vegakerfið og ferðamálin“ 2000, bls. 95-101.**

Bók unnin með styrk frá Vegagerðinni, og gefin út af henni. Ferðaþróun fylgir samgönguþróun. Kortlagning ferðaauðlinda landsins. Grunnur að samhæfðu landskipulagi samgangna og ferðaþjónustu. Pdf-bók:

[https://notendur.hi.is/.../Vegakerfid\\_og\\_ferdamalin.pdf](https://notendur.hi.is/.../Vegakerfid_og_ferdamalin.pdf) Hljóðbók í lestri TV:

<https://notendur.hi.is/tv/Content/Audiobooks/Vegakerfid.mp3>

**„Mótun framtíðar“ 2015, bls. 73-76, 88-91, 149-152 og 189-190.**


Megin hugmyndir TV um Íslandsskipulag í mjög stuttu máli.

Pdf-bók: <https://notendur.hi.is/tv/Content/Books/Book.pdf> Hljóðbók er á Storytel í lestri Jóhanns Sigurðarsonar og hjá Hljóðbókasafninu í lestri TV.


### 1.4.1 Greining á hvernig mynstur byggðarinnar hefur þróast

Frásögn af rannsóknum mínum á því, hvernig mynstur byggðarinnar hefur þróast, er hér sett saman ÚR TVEIMUR STUTTUM TEXTUM ÚR „MÓTUN FRAMTÍÐAR“: „... Fyrsta skrefið

í þessu hjá mér, var að rannsaka sagnfræðilega, hvernig byggðin hefði þróast í gegnum tíðina..." (bls. 75).



MYND 1.4.1 A) Strandbyggð




MYND 1.4.1 B) Aftur að strönd.

„... Skilgreindi ég nú fyrst, OG KORTLAGÐI, ÖLL HELSTU STIG Í ÞRÓUN BYGGÐAR Á ÍSLANDI, alveg frá landnámi... sem eru: Fyrst byggðist ströndin, en þegar hún var „fullbyggð“, fór byggðin að leita inn í landið, enda fóru landsmenn þá að lifa að mestu á kvikfjárrækt. Þegar svo þilskipin koma til sögunnar um miðja 19. öld, verður heilsársútgerð möguleg, sem þýddi að fólkið tók að flytjast aftur til sjávarsíðunnar – og sjávarþorpun urðu til...“. (MótFramt. Bls. 76).


### 1.4.2 Greining náttúrufarsforsendna á glærukortum

TILURÐ NÁTTÚRUVÁRKORTANNA útskýri ég svo á bls. 75 í „Mótun framtíðar“: „... var eðlilegt að Heimaeyjargosið (1973) hvetti mig til að fara að skrá hjá mér hvers konar svæði bæri að forðast fyrir byggð í landinu – einkum er eldvirkni varðar. Vegna gossins var augljóst, að skynsamlegt væri að forðast hraunflóða- og öskufallssvæði.“

Kortið til hægri sýnir hættulegustu svæði samanlagt, litið til allra tegunda náttúruvár.



MYND 1.4.2 A) Bestu svæði




MYND 1.4.2 B) Hættusvæði

AÐDRAGANDANUM AÐ GERÐ AUÐLINDAKORTANA lýsi ég svo: „... Strax sjö mánuðum eftir upphaf Heimaeyjargossins fékk ég ærið tilefni til að fara að skoða – í viðbót við

þýðingu náttúruvár – þýðingu auðlinda, t.d. jarðhita, fyrir byggð á Íslandi.” (MótFramt. Bls. 75). Kortið til vinstri, sýnir bestu svæði á Íslandi út frá AUÐLINDA-kortlagningu minni.

### 1.4.3 Stofnbrautakerfi fyrir Ísland

Í „Mótun framtíðar“ lýsi ég hvers vegna ég fór að hugsa um hálendisvegakerfi: „... Þegar ég sá að byggðin á Íslandi „límdist“ við ströndina vegna þess að þar voru einu vegirnir, datt mér allt í einu í hug þessi hugmynd: Hvers vegna ekki AÐ LEGGJA VEGI STYSTU LEIÐ MILLI BYGGÐA, yfir hálendið, þar sem þjóðleiðir lágu til forna?“ (MótFramt. Bls. 76).



MYND 1.4.3 – Hálendisvegakerfið – Rautt: Lokið við á sl. áratugum. Grænt: Lengd spotta 2015, sem eru eftir á þremur aðal vegum.


### 1.4.4 Miðlægnilögmálið: H-borg verði á miðju landsins

Í bókinni Mótun framtíðar lýsi ég því hvernig ég fór að hugsa um SKIPULAG ÍSLANDS ÚTFRÁ MIÐLÆGNILÖGMÁLINU: „... Þegar ég fór að draga þessa hálendisvegi inn á kort, sá ég að á miðjum Sprengisandi – á miðju landinu – mundu leiðirnar frá Norður-, Suður- og Austurlandi mætast...

Eitt af því sem við getum alltaf verið alveg viss um er, að þar sem umferð mætist á krossgötum, mun byggð vaxa. Ég fór því að spyrja mig: Gæti það hugsast að hálendisvegakerfið mundi gera það mögulegt að reisa þjónustumiðstöð á miðju landsins, sem jafnvel gæti orðið HIN EINA RÉTTA STAÐSETNING FYRIR HÖFUÐBORG LANDSINS í fyllingu tímans?...

Þetta yrði þá SAMBÆRILEGT VIÐ það þegar ákveðið var að reisa NÝJAR HÖFUÐBORGIR Á HÁSLÉTTUM í miðjum Spánar, Mexíkó og Brasilíu. Þegar ég birti hugmyndir mínar um hálendisvegakerfi 1977, lét ég slag standa að spá að borg – jafnvel HÖFUÐBORG – mundi rísa á miðjum Sprengisandi vegna miðlægnilögmálsins og

krossgatnanna, e.t.v. strax eftir 100 ár. Vakti þetta feikna athygli í þjóðfélaginu...“.  
(MótFramt. Bls. 76).



MYND 1.4.4 – Skema Christallers notað til skýra miðlægnilögmálið.


Þýskur fræðimaður, CHRISTALLER, bjó – snemma á 20. öld — til KENNINGU UM RÖKRÆNUSTU OG BESTU HIERARKÍSKU DREIFINGU ÞJÓNUSTUKJARNA á landsvæði... byggða á sexhyrninga-mynstri. Er þetta skema víða notað sem grunnur skipulagsmynsturs.

Í miðjunni á stærsta sexhyrninginum er, að sjálfsgöðu, aðal borgin: HÖFUÐBORGIN, og þjónar öllu svæðinu. Stóri sexhyrningurinn skiptist svo upp í sex minni sexhyrninga, sem eru annars stigs þjónustusvæði. Í miðju þessara sexhyrninga, er svo lógískasta staðsetning annars stigs þjónustukjarna... sem merktir eru með bókstöfum á kortinu.

ÞETTA GEÓMETRÍSKA SKEMA hef ég, á kortinu, sveigt að þeirri staðreynd að byggðahringurinn á Íslandi rofnar mjög á þremur svæðum; í norðvestri vegna Holtavörðuheidar, í norðaustri vegna norðausturhálendisins, og í suðaustri vegna Vatnajökuls.

#### 1.4.5 Ný höfuðborg á miðju landsins; þjónar öllum landshlutum jafnt

Ég kom til baka frá dr.námi mínu í Berkeley vorið 1987. Í „Mótun framtíðar“ lýsi ég því sem ég tók mér fyrst fyrir hendur, og hvers vegna: „... Þegar haustið 1987 var ég orðinn tilbúinn að hefja sókn í AÐ KYNNA HUGMYNDIR MÍNAR UM ÍSLANDSSKIPULAG. Á þessum tíma var komin upp mjög ALVARLEG STAÐA Í BYGGÐARMÁLUM LANDSINS, því fólki á landsbyggðinni hafði fækkað mikið frá um 1980. Blasti hrun við á mörgum stöðum.  
(MótFramt. Bls. 127).




MYND 1.4.5 – Í Íslandsskipulagi mínu er, í miðju landsins, miðlægur þjónustukjarni (Háborg), sem tengir byggðirnar með mjög stuttum vegalengdum.

Ég held svo áfram í seinni Mbl. greininni: „... Ég sá því tækifæri á AÐ KYNNA HUGMYND MÍNA UM ÍSLANDSSKIPULAG sem „nýja byggðastefnu“. Um þetta skrifaði ég tvær langar greinar í Morgunblaðið um haustið 1987. Sú fyrri spyr spurningarinnar: „HEFUR BYGGÐASTEFNAN BRUGÐIST?“ Svaraði ég þessu játandi, og benti á fækkun á landsbyggðinni og hinar misheppnuðu byggðaaðgerðir. Seinni greinina, sem ég birti daginn eftir, nefndi ég „FRUMHUGMYNDIR UM NÝJA BYGGÐASTEFNU“. (MótFramt. Bls. 129).

### 1.4.6 Tillaga um Íslandsskipulag

Ég mun nú bakka dálítið í tíma og LÝSA TILLÖGU MINNI AÐ ÍSLANDSSKIPULAGI, sem ég birti fyrst í bókinni „Hugmynd að fyrsta heildarskipulagi Íslands“ árið 1987. Hérna nota ég þó texta úr bókinni Mótun framtíðar, því þeir eru styttri og hnitmiðaðari: „... Með greininni („FRUMHUGMYNDIR UM NÝJA BYGGÐASTEFNU“, Mbl. 1978), birti ég ÍSLANDSSKIPULAGSKORT MITT, sem sýnir þrjú þróunarsvæði... svæði, þar sem allar helstu byggðaforsendur eru í góðu lagi...

Kortið sýndi jafnframt TILLÖGUNA UM HÁLENDISVEGAKERFIÐ, sem tengdi alla landshluta beint, sem þýddi mikla styttingu vegalengda. Hálendisvegabátturinn vakti mesta athygli og var víða um hann fjallað. Líklega hafði mest áhrif að Ómar Ragnarsson flaug með mig upp á Sprengisand í nóvember 1987, þar sem hann hafði viðtal við mig við veg sem Landsvirkjun hafði lagt vegna Kvíslaveitna...“ (MótFramt. Bls. 129).



MYND 1.4.6 – Íslandsskipulagið 1987: Þróunarsvæði; 1,2,3, fólkvangar; I, II, III, IV og hálandivegakerfi, sem tengir þróunarsvæðin þrjú.


Ég held hér svo áfram lýsingunni á því ferli sem nú komst í gang í þjóðfélaginu: „... Í apríl hafði svo Verkfræðingafélagið samband við mig með beiðni um aðstoð við skipulagningu á heilsdagsráðstefnu: „HÁLENDISVEGIR FRAMTÍÐARINNAR OG ÁHRIF ÞEIRRA“. Hélt ég þar líka inngangserindið, en auk þess voru tíu aðrir fyrirlesarar, og svo pallborðsumræða í lokin...

Til að vekja athygli á ráðstefnunni, og setja efni hennar í stærra samhengi, birti ég daginn áður ítarlega grein í Morgunblaðinu. Nefndist hún „ÍSLANDSSKIPULAG: FRAMTÍÐARÁÆTLUN OG SÁTTMÁLI RÍKIS OG HEIMAMANNA UM HVÆÐA BYGGÐASVÆÐI VERÐI VARIN FALLI“. (MótFramt. Bls. 129).

### 1.4.7 Fjöll/jökklar sem þema hönnunar á hálendinu

Í bókinni „HUGMYND AÐ FYRSTA HEILDARSKIPULAGI ÍSLANDS“ 1987, birti ég fyrstu hugmynd mína um hönnunarþema hálendismiðstöðvarinnar. Var það GLER-HVELFING - og innan hennar áttu að vera hús fyrir ýmsa starfsemi í trópískum garði, með heitum laugum og pálmatrjám.

Þegar ég gaf út bókina „Mótun framtíðar“ 2015, gerði ég tíu vídeó um þemu bókarinnar, og setti á heimasíðu mína. Vídeó 3 var: „ÍSLANDSSKIPULAG OG NÝ HÖFUÐBORG Á HÁLENDINU“ sem sjá má hér; <https://notendur.hi.is/tv/> ... en það, og öll hin vídeóin, má líka sjá á Utube, undir mínu nafni. – Í vídeóinu var miðstöðin ORÐIN AÐ GLER-PÍRAMÍDA (sjá 8. mín), sem hafði að geyma vísindamiðstöð.



**MYND 1.4.7 – Hönnunarþema fyrir Háborg 1990: Líking við fjöll með skriðjöklum á milli.**

Árið 1990 setti ég fram nýja hugmynd um HÖNNUNARÞEMA: HÚS SEM ERU PÍRAMÍÐAR... sem eru abstraksjón fjallanna í nágrenninu; Arnarfells hins mikla og hins minna... sem eru þarna „umflotin“ skriðjöklum... í jaðri Hofsjökuls. Þetta hönnunarþema er það sama og var notað við hönnun Óslóaróperunnar löngu seinna.

Ástæða þess að ég hætti við hönnunarþemun STÓR HVELFING og STÓR PÍRAMÍÐI, er að ég taldi að betra væri að hafa marga SMÆRRI píramíða, TIL AÐ AUÐVELDARA VÆRI AÐ LÁTA „BORGINA VAXA“... en síðan væru píramíðarnir tengdir með glerrýmum, sem væru undir lægra rishorni en píramíðarnir... á sama hátt og rishorn skriðjökla er lægra en fjallanna í kringum þá. (MótFramt. Bls. 90).

Einar Þorsteinn, vinur minn, lagði með mér HORNSTEIN AÐ HÁBORGinni 30. júlí 1989. (Sjá vídeó 3, 8. Mín.). - Þegar hann starfaði hjá Ólafi Elíassyni, efndi hann til hönnunarstúdíós um hönnun vistfræðilegrar miðstöðvar þarna, með kennurum við TU háskólann í Berlín. Sjá: <https://icelandictimes.com/is/hoennunarsafnid/> (Þriðja mynd).